

- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

1. tbl. - 2017

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
1. tölublað - 33. árgangur 2016 - 89. blað



Ritstjóri og
Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmaður LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Forsíðumynd:
Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:
Júlíus Sigurjónsson og fl.

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

ll@logreglumenn.is
www.logreglumenn.is




## Efnisyfirlit...





| | |
|---|---|
| Spurt og svarað um lífeyrismál | 4 |
| Af launa- og öðrum málum löggæslunnar | 12 |
| Erlendar fréttir | 20 |
| Formannaráðstefna LL 2017 | 22 |
| Íþróttir | 24 |

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.



# Og hvað svo?



Landssamband lögreglumanna (LL) hefur, um áratugaskeið, bent stjórnvöldum á það sem miður hefur verið að fara í löggæslumálum þjóðarinnar. Oftar en ekki hafa stjórnvöld brugðist ókvæða við og sakað forystu LL um að ala á ótta meðal almennings því ástandið sé engan vegin eins slæmt og LL hefur verið að benda á.

Alloft hefur borið á þessari gagnrýni stjórnvalda í tengslum við einhverja atburði eða uppákomur sem hafa verið þess eðlis að lögreglumönnum hefur verið misboðið. Þannig var það t.d. með svokallaða „Svarta skýrslu“ Lögreglufélags Reykjavíkur (LR), sem gefin var út árið 1988 en þar var gerð ítarleg úttekt á vaktafyrirkomulagi, mannafla og –þörf, ástandi lögreglubifreiða og –stöðva o.fl. Úttekt þessi náði, á sínum tíma, eingöngu til Reykjavíkur enda unnin í nafni lögreglufélags Reykjavíkur. Allmörgum árum áður hafði LL látið vinna svipaða skýrslu, um ástand lögreglustöðva, um land allt. Ótal margar, aðrar skýrslur og greinargerðir, hafa litið dagsins ljós í gegnum tíðina. Þeim hefur, í grunnatriðum, öllum borið saman um eitt meginatriði. Það meginatriði er að lögreglan á Íslandi er alltof fámenn, illa tækjum búin og undir fjármögnuð.

Í seinni tíð hefur, þrátt fyrir það sem hér að ofan greinir, borið á því að fleiri raddir innan úr stjórnunarlögum lögreglu eru farnar að benda á nákvæmlega þessa sömu hluti og LL hefur verið að benda á. Þannig hefur í auknum mæli borið á því að fluttar hafa verið fréttir af því að Ríkislögreglustjóri telji viðbúnaðargetu lögreglunnar óviðunandi og að henni sé ekki fært að standa undir þjónustu- og öryggisstigi í samræmi við lögbundið hlutverk sitt sem og að lögreglumenn séu alltof fáir.

Hér á árum áður, þegar svarta skýrsla LR var gefin út, voru viðbrögð löggæsluyfirvalda á þann veg að skýrslan væri „fyrir neðan virðingu lögreglunnar í heild“!

Það er vel loksins að löggæsluyfirvöld séu nú loksins farin að átta sig á því að það vinnst ekkert í þessum efnum með því að stinga höfðinu í sandinn og láta sem vandinn sé ekki til staðar. Vandinn er til staðar og hann hverfur ekki af sjálfu sér hvað sem öllum „laissez-faire“ stjórnunarhugmyndum og hagfræði líður. Lögreglan er stjórnvalda að sjá um að sé og verði í lagi! Það er engum öðrum til að dreifa í þeim efnum og LL efar það að nokkrum einasta íbúa þessa lands eða þeim sem það heimasækja hugnist það fyrirkomulag að einhverjir einkaaðilar fari að taka að sér lögbundin hlutverk lögreglu.

Stjórnvöld verða einfaldlega að spýta í lófana, gyrða sig í brók og koma þessum málaflokki í lag í eitt skipti fyrir öll. Annars er útlit fyrir atgervisflótta úr stéttinni yfir í önnur störf og gildir þá einu um allar aðvaranir fram og aftur um þetta eða hitt.

Það má heldur ekki gleyma því, í þessu samhengi, að hér á landi er hvorki her eða þjóðvarðlið sem hægt er að grípa til í algerri neyð, líkt og sést hefur að gert hefur verið um víða Evrópu vegna þeirrar hryðjuverkaógnar sem þar er.

Aðvaranir hafa nefnilega allvíða heyrst á undanförnum misserum og árum. Aðvaranir um að upplýsingum hafi verið komið á framfæri, til yfirvalda, um tiltekna hópa eða einstaklinga. Einstaklinga sem síðar hefur komið í ljós að framið hafa hin skelfilegustu ofbeldis- og hryðjuverk. Það er of seint um rassinn gripið þegar á þann stað er komið og allar heimsins aðvaranir, í sögulegu samhengi, gagnast ekki neitt. Það þarf að vinna forvirkt í löggæslumálum svo einfalt er það nú bara. Það þarf að ganga frá óútkljáðum launamálum við stéttina, ekki seinna en strax! Núverandi forsætis- og fjármálaráðherrar vita upp á hár hvar skóinn kreppir í þeim efnum og hvaða loforð hafa verið gefin en ekki efnd!

Það þarf eigi síðar en strax að dusta rykið af ótal skýrslum sem Ríkislögreglustjórinn hefur sent ótal dómsmálaráðherrum um ástand löggæslumála og koma þeim ábendingum sem þar eru settar fram, í framkvæmd og það eigi seinna en strax ef einhver raunverulegur vilji er til þess að hafa þessi mál í lagi yfir höfuð. Það er mikil ábyrgð, sem sá einstaklingur kýs að axla, sem að eigin frumkvæði og vilja sest í stól dómsmálaráðherra, en gerir svo lítið eða ekkert með þær ábendingar og aðvaranir sem viðkomandi eru fengnar í hendur. Það stoðar lítt, þegar um mannslíf er að ræða, að grípa til einhverra pólitískra frasa um að hafa ekki haft vitneskju um hlutina. Ástandið er uppi á yfirborðinu. Það er algerlega kristaltært hvað það er sem þarf að gera til að koma hlutunum í sómasamlegt ástand. Það eina sem til þarf er pólitískur vilji.

Er sá pólitíski vilji og geta sem til þarf til að koma ástandi löggæslumála í landinu í samt lag, til staðar á Alþingi núna? Það á náttúrulega eftir að koma í ljós en það er hinsvegar gaman frá því að segja hér að sá vilji var til staðar í ráðherratíð Ögmundar Jónassonar í ráðuneyti dómsmála. Það var fyrst þá sem það gerðist að raunverulegar upplýsingar og tölulegar staðreyndir um ástand löggæslumála litu dagsins ljós þegar gerð var opinber skýrslan „Staða lögreglunnar“, sem merkt er innanríkisráðuneytinu 2012 (gerð opinber í desember 2012).

Hafa núverandi stjórnvöld einhvern vilja til að koma þessum málum í lag? Það á eftir að koma í ljós og jafnframt er ljóst að með þeim verður fylgst í þessum efnum. Vilji þeirra til efnda eigin loforða hingað til virðast ekki mikið meiri en almennt gengur og gerist þegar farið er að atkvæðaveiða korteri í kosningar. Það er því eðlilegt að spyrja í framhaldinu – og hvað svo?

*Snorri Magnússon*
*formaður LL.*

# Spurt og svarað *um lífeyrismál*

**Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Samkvæmt lögunum verður tekið upp breytt réttindakerfi hjá deildinni 1. júní 2017 með aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri.**

Athugið að ENGAR breytingar voru gerðar á B-deild LSR með þessum lagabreytingum.

Upplýsingarnar hér að neðan (spurt og svarað) eru fengnar af heimasíðu LSR

Áhrif breytinganna á núverandi sjóðfélaga í A-deild LSR:



- Með framlagi ríkisins í lífeyrisaukasjóð er núverandi sjóðfélögum tryggð áfram óbreytt ávinnsla framtíðarréttinda og óbreyttan lífeyristökualdur við 65 ár.
- Ekki verður gerð breyting á þegar áunnum réttindum núverandi sjóðfélaga við upptöku á breyttu fyrirkomulagi, hvorki þeirra sem eru í starfi í dag, byrjaðir að taka lífeyri eða eiga eldri réttindi hjá sjóðnum. Þau réttindi verða áfram reiknuð í jafnri réttindaávinnslu og miðuð við 65 ára lífeyristökualdur.
- Ef þær forsendur sem miðað er við, m.a. forsendur um ávöxtun, ganga ekki eftir, kann í framtíðinni að koma til breytinga á áunnum réttindum, annað hvort til hækkunar eða lækkunar. Þetta á ekki við um þá sem byrjaðir eru að taka lífeyri, eða verða orðnir 60 ára við gildistöku breyttra reglna 1. júní n.k. og hafa þar af leiðandi rétt á að hefja töku lífeyris.

**Áhrif breytinganna á nýja sjóðfélaga í A-deild LSR sem hefja greiðslur í sjóðinn eftir 01.06.2017:**

- Nýir sjóðfélagar ávinna sér réttindi í aldurstengdu réttindakerfi og lífeyristökualdur verður miðaður við 67 ára aldur.
- Réttur (skylda) lögreglumanna til að hætta störfum við 65 ára aldur helst óbreyttur sem og framreikningur lífeyrisréttinda eins og viðkomandi hafi unnið til 70 ára.

***Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á A-deild LSR?***

Alþingi samþykkti breytingar á lögum um LSR í lok desember 2016. Með breytingunum er stefnt að því að samræma lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Hvað varðar LSR eiga fyrirhugaðar breytingar aðeins við um A-deild sjóðsins en B-deild er með öllu óbreytt. Í þessum breytingum felst að reglur um ávinnslu réttinda munu breytast. Í stað jafnrar ávinnslu réttinda yfir starfsævina mun réttindaávinnsla verða aldurstengd og viðmiðunaraldur lífeyristöku verður 67 ár. Þessar breytingar munu taka gildi frá og með 1. júní 2017. Núverandi sjóðfélagar í A-deild munu halda óskertum réttindum.

***Hvað þýðir annars vegar jöfn ávinnsla réttinda og hins vegar aldurstengd ávinnsla réttinda?***

Með jafnri ávinnslu er átt við að ávinnsla réttinda er jöfn yfir starfsævina, óháð aldri. Þannig fær hver greiðandi sjóðfélagi sömu réttindi, án tillits til aldurs. Með aldurstengdri ávinnslu réttinda er átt við að réttindi taki mið af aldri sjóðfélaga. Iðgjöld yngri sjóðfélaga eru verðmætari því þau eiga eftir að ávaxtast yfir lengri tíma. Þannig njóta yngri sjóðfélagar ávinnings af því hve lengi þeirra iðgjöld eiga eftir að ávaxtast. Réttindi sjóðfélaga verða því í samræmi við verðmæti iðgjaldanna sem þeir greiða.

***Skerðast lífeyrisréttindi núverandi sjóðfélaga í A-deild LSR?***

Nei, ekki verður gerð breyting á réttindum sjóðfélaga í A-deild við upptöku á nýju réttindakerfi þann 1. júní 2017. Á það jafnt við um þá sem eru í starfi, eru byrjaðir að taka lífeyri eða eiga eldri réttindi hjá sjóðnum. Þau réttindi verða áfram reiknuð í jafnri réttindaávinnslu og miðuð við 65 ára lífeyristökualdur. Ríkið hefur greitt 106,8 milljarða króna framlag í lífeyrisaukasjóð sem verður notaður til að bæta þann mismun sem verður á útreikningi á réttindum miðað við aldurstengda ávinnslu og jafna ávinnslu ásamt hækkun viðmiðunaraldurs lífeyristöku úr 65 í 67 ár.

***Hverjir eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda?***




Þeir sjóðfélagar sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum og hafa greitt til A-deildar einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017 eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda. Sjóðfélagar sem starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga aðeins þennan rétt að launagreiðandi þeirra samþykki greiðslu sérstaks iðgjalds.

Falli iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga niður til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans niður til framtíðar. Heimilt er að framlengja þetta tímabil um 12 mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs sjóðfélaga. Sjóðfélagi heldur þó alltaf réttinum ef ráðningarsamband er fyrir hendi, t.d. ef hann er í launalausu leyfi.

Sjóðfélagar sem eiga rétt á jafnri ávinnslu réttinda halda þeim rétti þó þeir skipti um starf, að því gefnu að starfið veiti rétt til aðildar að A-deild. Loks geta



# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

***Reykjavík***

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
A1 málun ehf
Aðalvík ehf
Almenna leigufélagið ehf
Alvarr ehf
Analytica ehf
Arctic Trucks Ísland ehf
Arkís arkitektar ehf
Atlantsflug ehf
ÁTVR Vínbúðir
BBA/Legal ehf
Bergsson mathús
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Bíla-Doktorinn
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasmiðurinn hf
Bílaverkstæði Jóns T Harðarsonar
BK kjúklingar
Blaðamannafélag Íslands
Bláfugl hf
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómatorgið ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Boozt bar N1 - Borgartúni, Ártúnshöfða og Hringbraut
Bókaútgáfan Hólar ehf
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsþjónustan Vík
Bólstrun Ásgríms ehf
Breiðan ehf
Búseti svf
City Car Rental
Danica sjávarafurðir ehf
Dental stál ehf
dk hugbúnaður ehf-www.dk.is
Draupnir lögmannsþjónusta ehf
Eðalbílar ehf
Efling stéttarfélag
Einar og Viðar sf, s: 892 7024
Endurskoðun og reikningsskil hf
Eyjólfur Rósmundsson ehf, meindýraeyðing
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fótaaðgerðastofan frískir fætur
Frami, félag leigubifreiðastjóra
Gallerí Fold
Garðs Apótek ehf
Gáski sjúkraþjálfun ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun
Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com
Gjögur hf
Gjörvi ehf
Globus hf
Glófi ehf / VARMA
Greiðsluveitan hf
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Örn - málningarþjónusta
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf
Hagi ehf-Hilti
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Happdrætti Háskóla Íslands
Hárlausnir ehf
Henson sports
Hereford Steikhús ehf
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá GuðjónÓ ehf
Hornið veitingastaður
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Viðey ehf - 4th Floor Hotel
Hreyfimyndasmiðjan ehf
Húsalagnir ehf
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
Icelandic Fish & Chips ehf, veitingastaður
Innanríkisráðuneytið
Innnes ehf
Inter ehf
Ísaga hf
Íslenska Gámafélagið ehf
Ísmar ehf
Ísold ehf
Ís-spor ehf
Íþróttabandalag Reykjavíkur
Járn og gler ehf
K. H. G. Þjónustan ehf
K. Pétursson ehf
K-R-S-T Lögmenn
Kaffifélagið
Kemi ehf-www.kemi.is
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Knattborðsstofan Klöpp ehf
KOM almannatengsl
Kopar Restaurant ehf
Kortaþjónustan hf
Kringlan
Kryddlegin hjörtu
Kvikk Þjónustan ehf
LAG-Lögmenn sf
Lagnalagerinn ehf
Landhelgisgæsla Íslands
Lausnir lögmannsstofa ehf
Láshúsið ehf
Le Bistro - franskur bistro & vínbar
Leiguval ehf
Lifandi vísindi
Ljósblik rafverktakar ehf
Ljósboginn ehf
Ljósin í bænum
LMB lögmenn
Logy.is
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögmannsstofa Rúnars S Gíslasonar
Lögmenn Árbæ slf
Lögmenn Höfðabakka ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
Lögskil ehf
Löndun ehf
Margt smátt ehf
Matborðið ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Mentis Cura ehf
Motus á Íslandi
Múlakaffi
Múlaradíó ehf
Nexus afþreying ehf
Nonnabiti
Nýi ökuskólinn ehf
Nýja bílahöllin ehf
Orka ehf
Ósal ehf
Pétur Stefánsson ehf
Pixel ehf
Plast - miðar og tæki ehf
Pósturinn
Prinsinn, söluturn
Raflax ehf
Rafsvið sf
Rafvel sf
Rafver hf
Rannsóknarnefnd samgönguslysa húsi FBSR
Reykjavík Motor Center ehf
Reykjavíkurborg
Samsýn ehf
Sendibílar og hraðþjónusta ehf
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sjávargrillið ehf
Skeljungur hf
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
Skóarinn í Kringlunni ehf
Skólavefurinn.is
SM kvótaþing ehf
Sólon Bistro
Staukur ehf-leiktæki og sjálfsalar
STEF Samband tónskálda og eigenda
Stjörnuegg hf
Stólpi gámar
Suzuki bílar hf
Svarta Kaffið kaffihús
Sveiney ehf
Sægreifinn, Verbúð 8
Sönglist, söng- og leiklistarskóli Borgarleikhúsinu
Tandur hf



Lífeyrismál.is
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL

sjóðfélagar sem hafa einhvern tíma greitt í sjóðinn öðlast rétt til jafnrar ávinnslu réttinda ef þeir hefja greiðslur á ný fyrir 1. júní 2018.

### *Hækkar lífeyristökualdur þeirra sem greiða í A-deild LSR úr 65 árum í 67?*

Sjóðfélagar í A-deild geta hafið töku lífeyris hvenær sem er á aldrinum 60 til 70 ára. Þetta verður óbreytt í nýju kerfi. Viðmiðunaraldur til útreiknings lífeyris hækkar úr 65 árum í 67. Sú breyting hefur ekki áhrif á réttindi núverandi sjóðfélaga A-deildar. Lífeyrisgreiðslur til þeirra verða þær sömu og þær hefðu verið fyrir breytinguna en þeir eiga möguleika á að vinna til 70 ára aldurs og auka enn við réttindi sín.

### *Hvernig virkar bakábyrgð launagreiðanda vegna A-deildar LSR fyrir 1. júní 2017?*

Launagreiðendur bera ekki beina bakábyrgð á A-deild með sama hætti og gildir um B-deild sjóðsins. Launagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum A-deildar nema með iðgjöldum sínum. Ef A-deild á ekki fyrir skuldbindingum sínum skal hækka mótframlag launagreiðanda.

### *Verður hin óbeina bakábyrgð launagreiðanda áfram til staðar?*

Samhliða fullri fjármögnun skuldbindinga verður ábyrgð launagreiðenda á réttindum í A-deild afnumin.

Sérstakar reglur gilda um þá sem náð hafa 60 ára aldri eða hafa hafið töku lífeyris fyrir 1. júní 2017. Þessir sjóðfélagar munu áfram hafa rétt til sambærilegrar tryggingar og óbeina bakábyrgðin felur í sér. Þessi trygging felur í sér að komi til þess í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar að rétt sé að skerða eða auka réttindi, skuli slíkar breytingar ekki taka til þeirra sem hafa hafið töku lífeyris eða hafa náð 60 ára aldri fyrir gildistöku nýrra samþykkta sem er 1. júní n.k. Fjárhagsleg áhrif slíkra breytinga skulu gerðar upp með samningi A-deildar LSR við ríkissjóð.




UNDER ARMOUR.
Brasserie ASKUR
SINCE 1966
SUÐURLANDSBRAUT 4
GEYSIR
P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR



*Hvað kemur í stað hinnar óbeinu bakábyrgðar launagreiðanda?*

Til að tryggja lífeyrisréttindi núverandi sjóðfélaga og til að mæta halla á stöðu sjóðsins, hefur ríkið greitt til sjóðsins fjárhæð sem nemur 117,2 milljörðum króna. Að auki verða um 8,4 milljarðar króna settar í sérstaka varúðarsjóði sem ætlað er að styðja við lífeyrisauka-sjóðina svo þeir geti staðið undir skuldbindingum sínum. Komi í ljós síðar að þessi fjárhæð dugi ekki til eru launagreiðendur skuldbundnir að taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því skuli brugðist.

Af hverju þarf að leggja peninga inn í A-deild LSR vegna breytinganna?

Til að tryggja að núverandi sjóðfélagar haldi jafnverðmætum réttindum eftir breytingarnar þurfti ríkissjóður að leggja A-deild til 106,8 milljarða eingreiðslu. Auk þess þurfti ríkissjóður að greiða 10,4 milljarða króna til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi miðað við árslok 2016.

*Af hverju er verið að samræma lífeyrisréttindi almennra- og opinberra starfsmanna?*

Svo að allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.

*Hefur breytingin einhver áhrif á lífeyrisréttindi þeirra sem eru í B-deild LSR?*

Nei, fyrirhugaðar breytingar taka eingöngu til A-deildar LSR.

*Hvenær eiga breytingar á A-deild LSR að taka gildi?*

Breytingar á ávinnslu sjóðfélaga A-deildar taka gildi 1. júní 2017. Sjóðfélagar sem greiða í sjóðinn fram að þeim tíma halda sínum réttindum og jöfn réttindaávinnsla í framtíðinni er tryggð með lífeyrisaukasjóði.

*Geta ungir sjóðfélagar notið betri réttinda í nýju kerfi?*

Yngri sjóðfélagar kunna að koma betur út í nýju kerfi. Við töku lífeyris skal sjóðfélagi fá þau réttindi sem hærri eru.

*Ég starfa hvorki hjá ríki né sveitarfélögum en hef engu að síður greitt í A-deild LSR. Munu réttindi mín verða skert?*

Sjóðfélagar sem greiða í A-deild einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017 en starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríki og sveitarfélögum eiga áfram rétt á jafnri ávinnslu réttinda ef launagreiðandi þeirra samþykkir að greiða sérstakt iðgjald fyrir þá.

*Ég hef greitt í A-deild Brúar lífeyrissjóðs og á rétt til lífeyrisauka þar. Ég mun fljótlega skipta um starf og á þá að greiða til A-deildar LSR. Munu réttindin mín þá skerðast?*

Sjóðfélagar Brúar sem rétt eiga á jafnri ávinnslu réttinda munu einnig eiga rétt á jafnri ávinnslu hjá A-deild LSR skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar þar. Þó má ekki hafa liðið lengri tími en tólf mánuðir á milli starfa. Sambærilegt ákvæði verður í samþykktum Brúar sem felur í sér sambærilegan rétt skipti sjóðfélagar um starf og færa sig frá LSR til Brúar.

*Hvað gerist ef ég tek mér árs leyfi frá störfum? Held ég þá óskertum réttindum?*

Falli iðgjaldagreiðslur þínar niður til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur til jafnrar ávinnslu niður til framtíðar en þó er heimilt að framlengja það tímabil um 12 mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs. Þú heldur hins vegar alltaf réttinum ef ráðningarsamband er fyrir hendi, t.d. ef þú ferð í launalaust leyfi.

*Ef ég fer að vinna á almennum vinnumarkaði og hætti þar með að greiða í A-deild LSR en sný til baka til hins opinbera eftir tólf mánuði eða meira. Held ég þá óskertum réttindum?*

Nei, réttur til jafnrar ávinnslu fellur niður eftir 12 mánuði í slíkum tilvikum. Þú heldur þó ávallt áunnum réttindum.

*Ég vinn hjá fyrirtæki á almenna vinnumarkaðnum en hef alltaf greitt í A-deild LSR. Mun ég geta greitt áfram í A-deild eftir breytingarnar?*

Allir þeir sem eiga eða hefðu átt aðild að A-deild fyrir 1. júní 2017 munu áfram eiga rétt til aðildar að A-deild LSR.




Þeir sjóðfélagar sem vinna hjá launagreiðendum sem eru ekki einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum ávinna sér þó aðeins réttindi í jafnri ávinnslu ef launagreiðandi þeirra greiðir sérstakt viðbótariðgjald sem er 5,85%. Ef það er ekki greitt reiknast réttindin í aldurstengdri ávinnslu.

*Mun iðgjald mitt til A-deildar LSR/Brúar lífeyrissjóðs verða hækkað vegna breytinganna?*

Nei, iðgjald þitt verður eftir sem áður 4%.

*Mun mótframlag atvinnurekanda vegna iðgjalda hækka vegna breytinganna?*

Launagreiðendur greiða áfram 11,5% mótframlag til LSR þar til iðgjald hefur verið ákveðið í kjarasamningum. Þeir launagreiðendur sem eru á almennum vinnumarkaði og samþykkja að greiða sérstakt iðgjald vegna áframhaldandi aðildar starfsmanna þeirra að LSR skulu greiða 17,35%.

*Munu réttindi vegna örorkulífeyris breytast?*

Nei, réttindi núverandi sjóðfélaga verða óbreytt. Hjá nýjum sjóðfélögum er meginbreytingin að ávinnsla

BONUS
brimborg
Öruggur staður til að vera á
SKÓGASAFN
Skógar Museum
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
FÍ
Fjallabyggð
AIR ICELAND
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Eld smiðjan




réttinda verður aldurstengd en skilyrði til að öðlast réttindi eru þau sömu. Sjóðfélagi í A-deild á rétt á örorkubótum ef hann hefur verið metinn 40% öryrki og greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. tvö ár.

### *Munu réttindi vegna makalífeyris verða skert?*

Nei, réttindi núverandi sjóðfélaga verða óbreytt. Hjá nýjum sjóðfélögum er meginbreytingin að ávinnsla réttinda verður aldurstengd en skilyrði til að öðlast réttindi eru þau sömu. Eftirlifandi maki sjóðfélaga LSR sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða hafði greitt iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanförnum 12 mánuðum, á rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

### *Munu réttindi vegna barnalífeyris verða skert?*

Nei, rétturinn til barnalífeyris verður óbreyttur. Við fráfall sjóðsfélaga sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyri í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, eiga börn hans rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Fullur mánaðarlegur barnalífeyrir vegna andláts er 25.172 kr. með hverju barni á mánuði. Fullur mánaðarlegur barnalífeyrir vegna örorku er 18.927 kr. Fjárhæðir miða við apríl 2017.

### *Ég er lögreglumaður. Verður breyting á reglum um lífeyristökualdur?*

Nei, sú sérregla sem gildir um lögreglumenn verður óbreytt. Öllum lögreglumönnum sem eru leystir frá embætti sínu við 65 ára aldur skal reiknaður ellilífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs.

### *Aðrar upplýsingar*

Nánari upplýsingar og svör er að finna á heimasíðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins www.lsr.is en einnig er hægt að hringja á skrifstofu sjóðsins í síma 510 6100 og fá frekari svör eða senda fyrirspurn í tölvupósti á lsr@lsr.is.

Lögreglumenn eru hvattir til þess sérstaklega og vel í tíma, áður en kemur að töku lífeyris, að leita sér upplýsinga um réttindi sín hjá sjóðnum en þar er m.a. hægt að fá útreiknað hversu mikinn lífeyri hver og einn á von á að fá við starfslok.

Þá er og rétt að minna á þá staðreynd að tilkynna þarf sérstaklega til sjóðsins hvenær starfslok verða og hvenær viðkomandi væntir þess að hefja töku lífeyris. Það er gert með því að fylla út sérstakt eyðublað „Umsókn um töku lífeyris“ sem hægt er að nálgast á heimasíðu sjóðsins eða með því að ræða við þjónustufulltrúa á skrifstofu sjóðsins sem er að Engjateigi 11, Reykjavík.

Þá er einnig hægt að fá víðtækar upplýsingar um lífeyrismál á sameiginlegri vefsíðu lífeyrissjóðanna www.lifeyrismal.is.





# Af launa- og öðrum málum *löggæslunnar*



**Það hefur ekki farið fram hjá lögreglumönnum frekar en öðrum landsmönnum að ýmsir hópar og þá aðallega í efri launaþrepum samfélagsins hafa fengið umtalsverðar launahækkanir undanfarin misseri. Launahækkanir sem jafnvel eru afturvirkar um heilt ár!**

Þannig hækkaði kjararáð þingfararkaup alþingismanna um tæp 45% í október 2016 eða sem nemur 338.254,- kr. á mánuði. Laun forseta Íslands voru á sama tíma hækkuð um ein 20%. Þessi smekklega ákvörðun var tekin á kjördag vegna alþingiskosninga árið 2016, rétt um ári eftir að stærstu launþegasamtök landsins höfðu samið um launahækkanir sem miðuðu að stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma litið.

### *Í kjölfarið hafa fylgt hækkanir launa á borð við:*

- Bæjarfulltrúar í Hafnarfirði með hækkun upp á 44% í janúar 2017.
- Bæjarfulltrúar í Kópavogi með hækkun upp á 26% í febrúar 2017.
- Bæjarfulltrúar í Reykjanesbæ með hækkun upp á 17% í febrúar 2017.

Í kjölfar margumræddrar launaákvörðunar kjararáðs til handa alþingismönnum stigu á stokk stjórnmálamenn úr nánast öllum flokkum og á öllum stjórnunarstigum landsmálanna og kepptust, hver um annan þveran, að hneykslast á þessum miklu hækkunum. Sumir hverjir, sbr. hér að ofan, sampykktu svo síðar sínar eigin hækkanir í kjölfarið.

Það er í raun engum blöðum um það að fletta að rétt er að greiða góð laun fyrir góða vinnu sem og vinnu sem tekur til tiltekinnar ábyrgðar. Staðreynd mála er hinsvegar sú að það eru ýmis önnur störf unnin í samfélaginu þar sem ábyrgðin er síst minni og sennilega mun meiri en felst í því að sitja á hinu háa Alþingi eða í bæjar- og sveitarstjórnum víðsvegar um landið.

### *Fyrrverandi fjármálaráðherra*

Í skriflegu svari Bjarna Benediktssonar þáverandi fjármálaráðherra við fyrirspurn þingmannsins Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, staðfesti ráðherrann að laun lögreglumanna hefðu þróast með þveröfugum hætti en upp var lagt með þegar verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn með lögum frá Alþingi árið 1986. Þetta mjög svo smekklega svar sitt gaf ráðherrann í ræðupúlti Alþingis rétt um fimm mánuðum eftir að lögreglumenn höfðu gengið frá kjarasamningi sínum til ársins 2019. Ljóst er að þessar upplýsingar lágu þá þegar fyrir þegar verið var að semja um laun lögreglumanna en ekki frekar en fyrri daginn var tekið tillit til þess við kjarasamningsgerðina að gera þyrfti nauðsynlegar leiðréttingar á launum stéttarinnar áður en til þess kæmi að samið yrði upp á nýtt.

Í svari ráðherrans kom þannig fram að launin hefðu, í byrjun árs 2016, í raun verið svipuð því sem var árið 2002 og léti nærri að þau hefðu í raun lækkað um ein 9%. Þetta gerðist þrátt fyrir það að við afnám verkfallsréttarins hafi launin hækkað um ein 6%. Þessi staðreynd sýnir það svart á hvítu að launahækkanir, vegna einhverra tilfallandi breytinga, eða tilfærslu launaliða eiga það til oftar en ekki að glatast með öllu þegar fram líða stundir og vilji mótsamningsaðilans til þess að raunverulega gera vel við sitt starfsfólk er takmarkaður eða jafnvel enginn.

Í dag eru byrjunarlaun lögreglumanns, sem lokið hefur námi í lögreglufræðum, kr. 355.371,-. Til samanburðar má nefna það að ákvörðun kjararáðs um hækkun þingfararkaups alþingismanna hljóðaði upp á hækkun mánaðarlauna um kr. 338.254. Alþingismenn hækkuðu þannig, í mánaðarlaunum, um sem nemur nánast fullum mánaðarlaunum lögreglumannsins í fullri vinnu!

### *Talnakönnun I – 2004*

Í mars árið 2004 fékk Landssamband lögreglumanna (LL) fyrirtækið Talnakönnun til að gera fyrir sig úttekt á a) þróun fjárframlaga til löggæslu annarsvegar og b) launaþróun lögreglumanna hinsvegar. Niðurstaða úttektarinnar lá fyrir í skýrslu þann 13. apríl 2004 undirritaðri af Benedikt Jóhannessyni, Ph.D.

Niðurstöður þessarar skýrslu voru í stórum dráttum þær að, á því tímabili sem var til skoðunar þ.e.a.s. árin 1998 – 2004, hefðu fjárframlög til löggæslu aukist um fjórðung á þessum sex árum sem voru til skoðunar og að laun lögreglumanna hefðu í raun aukist jafnmikið á sama tíma þ.a., eins og segir í niðurlagi skýrslunnar, virtist sem svo að löggæsla




FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál

GINGER

Góa
Stofnað 1968

Hótel Hallormsstaður







**Tafla 1 – þróun meðalgrunnlauna opinberra starfsmanna og LL janúar 1987 – desember 1996 (heimild fréttarit KOS nr. 1 – 17).**




**Tafla 2 – þróun meðalgrunnlauna opinberra starfsmanna og LL, janúar 1997 – júní 2007 (heimild fréttarit KOS nr. 18 – 34).**

hefði ekki aukist á þessu tímabili. Þessi niðurstaða endurspeglaði svo í raun þá staðreynd hversu stór hluti launaliðurinn var og er af kostnaði við löggæslu.

Rétt er að nefna það hér að á því tímabili sem var til skoðunar áttu sér stað allviðamiklar skipulagsbreytingar í löggæslu þar sem embætti Ríkislögreglustjóra var sett á laggirnar árið 1997 á sama tíma og Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður.

### *Talnakönnun II – 2009*

Það var svo í mars árið 2009 sem LL fékk Talnakönnun aftur til liðs við sig til að skoða þróun launa hjá lögreglumönnum í framhaldi af skýrslu Talnakönnunar frá árinu 2004 og fram í byrjun árs 2009.

Niðurstaða þessar skýrslu Talnakönnunar, sem sömuleiðis var undirrituð af Bendikt Jóhannessyni, Ph.D., var á sömu leið og í fyrri skýrslu þ.e.a.s. að laun lögreglumanna hefðu hækkað umtalsvert árið 2001 í kjölfar þess að samningum var breytt og ákveðnar greiðslur færðar inn í grunnlaun. Þessi aðgerð hefði þannig aukið umtalsvert kaupmátt bæði dagvinnu- og heildarlauna. Frá árinu 2001 hefði kaupmáttur dagvinnulauna hinsvegar nánast staðið í stað á meðan kaupmáttur heildarlauna hefði aukist lítillega fram á árið 2007. Kaupmáttur hvorutveggja dagvinnu- og heildarlauna hefði svo aftur rýrnað verulega á árunum 2008 og 2009, líkt og almennt gerðist í þjóðfélaginu vegna hrunsins.

Áfram segir í skýrslunni frá árinu 2009 að í samanburði við aðra hópa launþega (aðallega þá sem para átti við lögreglumenn skv. samkomulaginu sem lá fyrir við afnám verkfallsréttarins árið 1986) hafi laun lögreglumanna lækkað verulega á árunum 2003 – 2008, sem hlutfall af launum almennt á vinnumarkaði. Kemst skýrsluhöfundur þannig að þeirri niðurstöðu m.a. að lögreglumenn hefðu ekki haldið þeim kjaralega ávinningi sem þeir náðu upp úr aldamótum m.v. aðrar stéttir og að þróunin hafi verið svipuð hvort heldur litið væri á heildarlaun eða dagvinnulaun.

### *LL og samninganefnd ríkisins*

Á árinu 2008 vann LL því sem kallað hefur verið „Kjarabók LL". Í henni er m.a. að finna yfirlit yfir þróun launa lögreglumanna á árunum frá 1987 til 2007. Í því yfirliti sést (sjá bls. 17 – 18 í kjarabókinni) að meðal dagvinnulaun (grunnlaun) lögreglumanna héldust nokkuð í hendur við þróun meðal dagvinnulauna annarra opinberra starfsmanna á árunum 1987 – 1996 en skilið hafi í milli á árunum 1997 – 2007 þ.a. að á árinu 2007 var munurinn tæp 12% sem hallaði á meðal dagvinnulaun lögreglumanna.

Við kjarasamningsviðræður lögreglumanna á árinu 2010, sem enduðu með gerðardómsniðurstöðu í september 2011 lagði ríkisvaldið loksins fram margumbeðin gögn sem sýndu launaþróun lögreglumanna á árunum 2003 – 2010 en þar sést berlega, það sem einnig kemur fram hér að ofan og fram kom í skýrslu Talnakönnunar frá árinu 2009, sem og í Kjarabók LL frá árinu 2008 að meðal dagvinnulaun lögreglumanna hefðu dregist aftur úr viðmiðunarstéttum þeim, sem áður hefur verið fjallað um, um a.m.k. nálega 10%. Nákvæmlega sama þróun hafði átt sér stað þegar kom að meðal heildarlaunum.

### *Hagfræðistofnun Háskóla Íslands*

Á síðari hluta ársins 2014 stóðu LL og Tollvarðafélag Íslands (TFÍ) sameiginlega að því að fá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að gera úttekt á því hvort félagsmenn í LL og TFÍ hefðu haldið kjörum sínum til jafns við aðra opinbera starfsmenn líkt og að var stefnt með áður tilvitnuðu samkomulagi um launaþróun stéttanna vegna afnáms verkfallsréttarins árið 1986. Í könnuninni skyldi horft til áranna frá 2001 til loka kjarasamnings þess sem rann út þann 31. janúar 2014. Stéttirnar fóru þessa leið einfaldlega vegna þess að samninganefnd ríkisins hafði þráfaldlega neitað þeim um að láta vinna þessa vinnu í samræmi við það sem fram kemur í kjarasamningum beggja félaga

Niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands var á þann veg að laun félagsmanna beggja félaga hefðu hækkað hlutfallslega minna á tímabilinu en meðaltal félagsmanna BSRB hvort sem horft var til dagvinnu- eða heildarlauna.

Þannig hefði raunhækkun dagvinnulauna í prósentum verið um 16% hjá BSRB félögunum (án TFÍ og LL) á meðan raunhækkun hefði orðið um 6% hjá félagsmönnum TFÍ á móti 9% raunhækkun hjá félagsmönnum LL. Félagsmenn LL voru þannig með um 7% minni raunhækkun dagvinnulauna borið saman við aðrar stéttir innan raða BSRB yfir tímabilið 2001 – 2013.

Jafnframt kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar að dagvinnulaun hefðu lækkað hjá öllum hópum að raunvirði í kjölfar fjármálakrísunnar haustið 2008 og að þau hefðu ekki verið búin að ná sér á strik aftur eftir það í lok árs 2013. Þannig hefðu dagvinnulaun tollvarða verið um 16% lægri árið 2013 en þau voru árið 2001 á meðan dagvinnulaun lögreglumanna hefðu á sama tímabili lækkað að raunvirði um 10% yfir sama tímabil. Aðrir opinberir starfsmenn hefðu þó verið nær því að brúa bilið þar sem raunvirði dagvinnulauna annarra félagsmanna BSRB hefði einungis lækkað um 4% og ef horft hefði verið til allra opinbera starfsmanna, utan LL og TFÍ nam lækkunin aðeins 2%.

Niðurstaða könnunar Hagfræðistofnunar var því sú að laun félagsmanna LL og TFÍ hefðu ekki haldið í við meðallaun annarra opinbera starfsmanna á tímabilinu frá 1. janúar 2001 – 31. janúar 2014.

### *Skipulagsbreytingar*

Umtalsverðar skipulagsbreytingar hafa orðið í lögreglu frá árinu 2007 og staðið nánast linnulaust yfir frá þeim tíma. Yfirlýst markmið allra þessara breytinga hafa verið aukin skilvirkni og hagræðing án nokkurs tilkostnaðar.

Lögreglumenn hafa þannig í rúm tíu ár staðið frammi fyrir stöðugum breytingum, sameiningum embætta, niðurlagninga starfa í nálega öllum starfaflokkum, og sífelldum niðurskurði fjárveitinga til rekstrarins. Staða sú sem í dag er uppi er fyrir löngu






**Tafla 3 – þróun meðalgrunnlauna LL í prósentum m.v. núllun meðalgrunnlauna BSRB (heimild fréttarit KOS).**




Gullfoss PANORAMA RESTAURANT CAFÉ SHOP
hagar
HAGKAUP Skemmtilegast að versla
HB GRANDI

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Tark - Arkitektar
TBG ehf
Thai matstofan ehf
Tollstjóraembættið
Tollvarðafélag Íslands
Tort ehf
Tóbaksverslunin Björk
Tónastöðin ehf
Ullarkistan ehf
Umslag ehf
Utanríkisráðuneytið
Úðafoss sf, efnalaug
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Vagnar og þjónusta ehf
VB Landbúnaður ehf
Veiðibúðin Hlað ehf
Verkfræðistofan Víðsjá ehf
Verkfærasalan ehf
Verslun Jóns og Óskars Laugavegi, Kringlunni og Smáralind
Verslunin Kvosin
Verslunin Rangá
Vélar og verkfæri ehf
Vélvík ehf
Við og Við sf
Vilberg kranaleiga ehf
Vitabar, veitingahús
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar
Vörubílastöðin Þróttur hf
Vöruhús ehf
Wise lausnir ehf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Þróunarfélag Íslands ehf

***Seltjarnarnes***

Ljósmyndastofa Erlings
Vekurð ehf

***Vogar***

Loftræstihreinsun ehf

***Kópavogur***

Alhliða pípulagnir sf
AMG Aukaraf ehf
Arnardalur sf
Ásborg slf
Bifreiðastillingin ehf
bilalokkun.is
Bílaklæðningar hf
Bílamarkaðurinn
Bílasprautun og réttingar Hjartar
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf
Bílhúsið ehf
Bíljöfur ehf, gul gata
Bílstál ehf
Blikkarinn hf, blikksmiðja
Brammer Ísland ehf
BSA varahlutir ehf
Cafe Catalina
Dýrheimar, heildsala
Exton ehf
Fríkirkjan Kefas
GG Sport
Guðjón Gíslason, dúklagningameistari
Hafið-fiskverslun ehf
Harðbakur ehf
HealthCo ehf - Lækningatæki
Hefilverk ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hjörtur Eiríksson sf
Hringás ehf
Höll ehf
Init ehf
Ísnes ehf, heildverslun
JS-hús ehf
Kambur ehf
Kjöthúsið ehf
Körfuberg ehf
Lakkskemman ehf
Lax-á ehf
Ledlýsing
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Loft og raftæki ehf
Löggiltir endurskoðendur
Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar
Ólafssynir ehf
RadioRaf ehf
Rafmiðlun hf
Rafnar ehf
Rafport ehf
Rafvirkni ehf
Ræstingaþjónustan ehf
Slökkvitækjaþjónustan ehf
Sport Company ehf
Sports Direct
TERN SYSTEMS ehf
Vetrarsól ehf, verslun
www.listinn.is
Zenus sófar
Zeta Film
Ökukennsla EK ehf

***Garðabær***

AÞ-Þrif ehf
Bílasprautun Íslands ehf
Elektra ehf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Garðabær
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
GJ bílahús
Hagráð ehf
Hannes Arnórsson ehf
Kerfóðrun ehf
Kópavogspósturinn ehf
Loftorka ehf
Naust Marin
Okkar bakarí ehf
Pípulagnaverktakar ehf
Samey ehf
Úranus ehf
Val - Ás ehf
Wurth á Íslandi ehf
Öryggisgirðingar ehf

***Hafnarfjörður***

Áróra ehf
Ás, fasteignasala ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Dalakofinn, tískuverslun
Donna ehf
Eldvarnarþjónustan ehf
EÓ-Tréverk sf
Essei ehf
Firring ehf Meindýravarnir
Flúrlampar ehf
Fura málmendurvinnslan ehf
Geymsla Eitt ehf
H. Jacobsen
Hafnarfjarðarhöfn
Hallbertsson ehf
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Ican-Beykireykt þorsklifur ehf
Icetransport ehf
IRobot, verslun
J-vélar ehf
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf
Kjarnamúr ehf
Kæling ehf
Kænan veitingastofa
Lögmenn Thorsplani sf
Nonni Gull
Rafgeymasalan ehf
Rafhitun ehf
Rafrún ehf
Rúnir verktakar ehf
SBJ réttingar ehf
Sigga og Timo
Smíðaverk ehf
Te & Kaffi hf
Trefjar ehf
Trésmiðjan okkar ehf
Umbúðamiðlun ehf
Úthafsskip ehf
Veislulist - Skútan
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Vélsmiðjan Altak ehf
Víðir og Alda ehf
Víking björgunarbúnaður
Þaktak ehf
Þvottahúsið ehf



orðin algerlega óþolandi og óverjandi á sama tíma. Það hefur enda komið fram opinberlega frá æðstu stjórnendum lögreglunnar í landinu að viðbúnaðargeta lögreglunnar sé óviðunandi og henni ekki fært að standa undir þjónustu- og öryggisstigi í samræmi við lögbundið hlutverk sitt. Lögreglumenn séu allt of fáir og að viðbúnaðargetan sé óviðunandi varðandi fyrstu viðbrögð og vegna öryggis ríkisins.

Allar áætlanir lögreglustjóra landsins er varða mönnunarþörf embættanna eru hundsaðar af yfirvöldum. Lögreglumönnum hefur fækkað og fer enn fækkandi og álagið, sem fyrir löngu er orðið ómanneskjulegt, versnar enn frekar. Allt þetta hefur mögulega þær afleiðingar forföll vegna veikindi og slysa hverskonar aukast sem og forföll vegna t.d. kulnunar í starfi (burn-out). Lögreglustjórunum í landinu er á sama tíma gert það nánast algerlega óframkvæmanlegt að sinna lögbundnum hlutverkum sínum með þeim aurum sem þeim eru skammtaðir til verka þeirra sem þeim eru falin að lögum og lesast þar engan vegin saman fjárlög hins opinbera og önnur nánast óteljandi lög og reglugerðir sem kveða á um skyldur lögreglu og hlutverk í hvívetna.

Það verður að segjast hreint alveg eins og það er að það er undarleg mannauðsstefna sem atvinnurekandinn „hið opinbera“ – sem m.a. hefur það sem eitt af yfirlýstum markmiðum sínum að gera ríkið, sem vinnuveitanda, að eftirsóknarverðum vinnustað – rekur gagnvart starfsfólki sínu.

### *Hvað svo?*

Að öllu ofangreindu virtu er það deginum ljósara að vilji ríkisvaldsins til leiðréttingar á launum lögreglumanna, til samræmis við áður yfirlýst loforð stjórnvalda við afnám verkfallsréttar stéttarinnar árið 1986, er enginn! Það mætti reyndar og með nokkrum sanni segja að ríkisvaldið sé komið í stöðu síbrotamanna þegar kemur að því að efna gefin fyrirheit um þróun launa lögreglumanna.

Það er örlítið undarlegt til þess að hugsa að enn þann dag í dag er óútkljáð svokölluð bókun 7 með framlengingu kjarasamnings lögreglumanna frá október 2015, þegar horft er til þeirra staðreynda sem fram komu í máli fyrrverandi fjármálaráðherra um launaþróun lögreglumanna og lærðum skýrslum núverandi fjármálaráðherra um sama málefni.

Það er í raun dapurlegt til þessarar stöðu að horfa og á sama tíma að hugsa til þess að þessi hin sömu stjórnvöld mæra stéttina á tyllidögum hverskonar og ráða sér varla fyrir kæti yfir því og gleði hversu gott að það sé og nauðsynlegt að hafa í landinu góða og öfluga löggæslu til að tryggja m.a. öryggi borgaranna. Því fer nefnilega víðsfjarri að hugur fylgi máli í þessum efnum þegar litið er yfir farinn veg og skoðað, allt í samhengi, launamál stéttarinnar, orð og efndir stjórnvalda um eflingu og aukinn sýnileika lögreglunnar, fjárveitingar til löggæslu í landinu, yfirlýst markmið um nauðsynlega styrkingu löggæslu o.s.frv.

Öllu ofangreindu og meira til hefur margítrekað verið komið á framfæri við stjórnvöld en það eina sem þau virðast geta gert er að skella við skollaeyrum með þeim afleiðingum að ekkert breytist nema þá ef vera kynni til hins verra. Ábyrgðin þar á bæ er því allnokkur svo ekki sé dýpra í árinni tekið! Hvað svo?

Gæði
Áreiðanleiki
Trúnaður
Túlkaþjónusta á 65 tungumálum
ASETUR
bsi. ISO 9001 Quality Management
www.asetur.is
asetur@asetur.is
+354 530 9300

TREX Travel Experiences
Hvalur hf.
ICELANDAIR CARGO
IGS GROUND SERVICES

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

### Reykjanesbær

B & B Guesthouse
Bed and Breakfast - Keflavik Airport
Bílar og Hjól ehf
Bílrúðuþjónustan ehf
Brunavarnir Suðurnesja
Dacoda ehf
Efnalaugin Vík ehf
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
Lögmannsstofa Reykjaness ehf
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Málverk slf
Olsen Olsen
Plastgerð Suðurnesja ehf
Plexigler ehf
Pústþjónusta Bjarkars ehf
Renniverkstæði Jens Tómassonar

### Reykjanesbær

Rétt sprautun ehf
Rörvirki sf
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skólamatur ehf
Skólar ehf
Smur- og hjólbarðaþjónustan ehf
Sporthúsið Reykjanesbæ
Suðurflug ehf
Toyota Reykjanesbæ
Útfaraþjónusta Suðurnesja
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf

### Grindavík

Bakaríið Hérastubbur ehf
EVH verktakar ehf
Stjörnufiskur ehf
Veitingastofan Vör ehf
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Vélsmiðja Grindavíkur ehf
Þorbjörn hf

### Sandgerði

Bátasmiðjan Sólplast
Verk- og tölvuþjónustan ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

### Garður

Aukin Ökuréttindi ehf
Völundarhús ehf

### Mosfellsbær

Alefli ehf byggingaverktakar
Álafoss - verslun
Bergá-Sandblástur ehf
Byggingarfélagið Jörð ehf
Dalsbú ehf
Fagverk verktakar sf
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf
Gylfi Guðjónsson ökukennari, s: 6960042
Hestaleigan Laxnesi
Matfugl ehf
Mosfellsbakarí
Múrefni ehf
Nonni litli ehf
Spíssar ehf - stífluþjónusta

### Akranes

Akraborg ehf
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Fasteignasalan Valfell, Kirkjubraut & Borgartúni Rvk
Galito veitingastaður
Gámaþjónusta Vesturlands ehf
Grastec ehf
Smurstöð Akraness sf
Spölur ehf-Hvalfjarðargöng
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Viðar Einarsson ökukennsla ehf
Ylur pípulagnir slf

### Borgarnes

Bílabær sf, bifreiðaverkstæði
Borgarverk
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf
Ensku húsin gistiheimili við Langá
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Framköllunarþjónustan ehf
Golfklúbbur Borgarness
Kaupfélag Borgfirðinga
Kræsingar ehf
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi

### Stykkishólmur

Skipasmíðastöð Skipavík hf
Sæferðir ehf

### Grundarfjörður

Hótel Framnes
Þjónustustofan ehf

### Ólafsvík

Þrif og þjónusta ehf

### Hellissandur

Esjar ehf
Skarðsvík ehf
Snæfellsbær

### Búðardalur

K.M. þjónustan ehf

### Reykhólahreppur

Þörungaverksmiðjan hf

### Ísafjörður

Akstur og löndun ehf
Ferðaþjónustan í Heydal
Harðfiskverkun Finnboga, s: 456 3250
Ísblikk ehf
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Póllinn ehf
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

### Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður

### Súðavík

Súðavíkurhreppur

### Patreksfjörður

Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Verslunin - bakaríið Albína
Vesturbyggð

### Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Þórsberg hf

### Staður

SG verkstæði ehf

### Blönduós

Átak ehf
Gistiheimilið Kiljan ehf
Húnavatnshreppur
Pöntunar og viðgerðarþjónusta Villa ehf
Stéttarfélagið Samstaða

### Skagaströnd

Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf

### Sauðárkrókur

Efnalaug og þvottahús
K-Tak ehf
Skinnastöðin hf
Stoð ehf, verkfræðistofa
Sveitarfélagið Skagafjörður
Tengill ehf
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

### Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
Ferðaþjónustan Bakkaflöt-www.Riverafting.is

### Akureyri

Amaro heildverslun
Ásprent - Stíll hf
Blikk- og tækniþjónustan ehf
Blikkrás ehf
Dexta orkutæknilausnir ehf
Hnýfill ehf
Höldur ehf, bílaleiga
Jafnréttisstofa




Actavis



Er maginn í steik?

**Omeprazol Actavis**
– Við brjóstsviða og súru bakflæði

**20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

**Omeprazol Actavis**, 20 mg magasýruþolin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábít). Lyfið er ætlað til inntöku og er mælt með því að hylkin séu tekin að morgni, fyrir máltíð (svo sem morgunverð) eða á fastandi maga. Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni. Hylkin má hvorki tyggja né mylja. Þetta er vegna þess að hylkin innihalda húðuð korn sem hindra niðurbrot lyfsins í magasýrunni. Mikilvægt er að skemma ekki kornin. Ráðlagður skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækni ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfellt áður en einkennin réna. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**



Erlendar fréttir
Erlendar fréttir

### *Politiforum 03/2017*

Fimmtíu og tvö (52) sveitarfélög í Noregi höfðu sent inn athugasemdir vegna þeirra skipulagsbreytinga sem gerðar hafa verið á norsku lögreglunni þegar athugasemdafresturinn rann út þann 10 mars s.l. Ríkislögreglustjóraembættið í Noregi gerði þó ráð fyrir því að fleiri athugasemdir væru á leiðinni þ.a. þessi tala kynni að hækka.

### *Politiforum 03/2017*

Norska menntamálaráðuneytið hefur nú viðurkennt það nám, sem stundað var við norska lögregluskólann, á árunum 1995 – 2001 sem fullgilt bakkalárnám við háskólann í Osló og Akershus (HiOA) þar sem háskólamenntun lögreglumanna fer fram í dag.



### *Polistidningen 02/2017*

Um 400 lögreglumenn hafa verið valdir til að prófa rafstuðtæki (Taser) í rannsókn sem háskólinn í Umeå stendur að í samvinnu við lögregluna á árunum 2018 – 2019. Jafnmargir lögreglumenn verða í úrtakshópi sem ekki verður útbúinn slíkum tækjum.

Vonir standa til að niðurstöðurnar verði til þess að slík tæki verði hluti af staðalbúnaði sænskra lögreglumanna segir Anna Nellberg-Dennis,




varaformaður Landssambands sænskra lögreglumanna en sænska landssambandið hefur unnið að því í tíu ár að tækin verði leyfð til notkunar hjá sænsku lögreglunni.

Þá lýsir hún jafnframt yfir undrun sinni að enn einu sinni eigi að finna upp hjólið í þessum efnum því sú rannsókn, sem stendur til að framkvæma í Svíþjóð, hefur ítrekað verið framkvæmd í öðrum löndum og niðurstöður þeirra allar á sama veg þ.e.a.s. að upptaka þessara tækja hefur stórlega fækkað slysum á lögreglumönnum sem og brotamönnum.

### *Dansk Politi 01/2017*

777.521 klukkustund hafa danskir lögreglumenn unnið við aukna öryggisgæslu í tenglsum við hækkað viðbúnaðarstig vegna hryðjuverkaógna af ýmsu tagi frá því í febrúar 2015. Þetta samsvarar 540 ársverkum lögreglumanna.

Lögreglan á Sjálandi hefur í stórum stíl aðstoðað við þessi auknu verkefni í Kaupmannahöfn. Hjá lögreglunni á mið- og vestur Sjálandi hefur þetta m.a. haft þær afleiðingar að önnur verkefni lögreglu s.s. líkamsárásarmál, fjármunabrot, kynferðisbrot, brot gegn börnum og valdbeitingarmál sitja á hakanum.

Á norður Sjálandi eru það eingöngu rán og þjófnaðir sem fá að sitja á hakanum vegna mannfæðar.

• Fréttin birtist upphaflega í Berlingske.dk

### *Dansk Politi 01/2017*

Sex af hverjum tíu lögreglumönnum í útkallslögreglu hafa velt því fyrir sér að hætta störfum í lögreglu. Þriðjungur þeirra hefur þegar kannað fyrir sér og eða sótt um önnur störf skv. könnun sem Dansk Politi gerði meðal 200 lögreglumanna í útkallslögreglu þriggja lögregluliða í Danmörku.

### *Dansk Politi 02/2017*

„Lögreglan notar um 650.000 tímum færra í að afgreiða innbrot, þjófnaði, umferðarlagabrot og ýmis önnur brot.“ segir í frétt á Berlingske.dk þann 9. apríl 2017.

Í frétt Berlingske um þetta mál kemur fram að lögreglan, samanlagt, hafði yfir að ráða 16.736.677 klukkustundum til starfa sinna árið 2016.

Raunverulega eru þetta ekki fleiri klukkustundir til starfa lögreglu en við lok níunda áratugarins þ.e.a.s. frá því fyrir þann tíma að opin landamæri, hnatt- og tölvuvæðing breyttu og útvíkkuðu möguleika skipulagðrar glæpastarfsemi til að teygja anga sína á milli landa og heimsálfa.

Þá kom fram í frétt Berlingske að lögreglan notaði u.þ.b. 2,9 klst. að meðaltali á hvert brot árið 2016 á móti 4,2 klst. árið 2014.







### *Dansk Politi 02/2017*

Um 10.600 lögreglumenn eru starfandi í Danmörku um þessar mundir en einungis um 6.000 af þeim sinna almennum löggæslustörfum, frumrannsóknum mála og sýnilegri löggæslu. Hinir u.þ.b. 4.600 starfa m.a. við stjórnsýslu hjá Ríkislögreglustjóranum, sinna hryðjuverkavörnum, sinna stjórnun, staðbundinni löggæslu, landamæraeftirliti og ýmsum öðrum sérverkefnum sem hlaðist hafa á lögregluna að sinna.

Árið 2011 voru hlutföllin um 8.500 á móti 2.400 og árið 2013 um 7.500 á móti 3.100 það er því ljóst að sífellt fækkar þeim lögreglumönnum sem sinna almennum löggæslustörfum á meðan þeim fjölgar sem sinna sérhæfðari störfum sem lögreglu hafa verið falin. Á sama tíma kvartar almenningur og stjórnmálamenn yfir minnkandi sýnileika lögreglunnar.




inter Medica.
isavia
ÍAV
K.C.-MÁLUN
Kristmundur Carter
MÁLNING-SPARTSL-VEGGFÓÐUR-FLÍSALÖGN
LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
LYFJA
Loður
Kaffitár
KFC
Kjörís
KÖKUGERÐ HP SELFOSSI
FORTIS Lögmannsstofa
MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA
112 EINN EINN TVEIR LÖGREGLA SLÖKKVILIÐ SJÚKRALIÐ
olís




# Formannaráðstefna LL 2017

*Miðvikudaginn 3. maí s.l. var formannaráðstefna LL haldin í fundarsal á fyrstu hæð BSRB hússins. Ráðstefnan fór fram með hefðbundnu sniði og skv. dagskrá, sbr. 16. laga LL.*

**Í upphafi ráðstefnunnar flutti Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) fræðsluerindi um þær breytingar sem verða á starfsemi A-deildar LSR við gildistöku nýrra laga um LSR þann 1. júní n.k.**

Hægt er að nálgast upplýsingar um þessar breytingar á heimasíðu LSR (www.lsr.is). Þar er einnig að finna upplýsingar um fyrirhugaða kynningarfundi á vegum sjóðsins víðsvegar um landið á næstu dögum og vikum. Félagsmenn LL eru hvattir til að sækja þessa fundi og leggja þar fram spurningar sem kunna að brenna á þeim varðandi breytingarnar á A-deildinni.

Þá eru lögreglumenn sérstaklega hvattir til að kynna sér breytingarnar sem verða á A-deild LSR en allar upplýsingar um þær er að finna á heimasíðu LSR en einnig er hægt að senda fyrirspurnir til sjóðsins á netfangið lsr@lsr.is.

Fyrir formannaráðstefnunni lá tillaga, studd undirskriftum rúmlega þrjátíu (30) félagsmanna LL um að:

„Fram fari atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna LL um úrsögn úr Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, frá og með áramótum 2017 - 2018",

***Jafnframt að:***

„Áður en til atkvæðagreiðslu komi beiti stjórn LL sér fyrir því að fram fari könnun á rögum með og á móti aðild að BSRB, til að hinn almenni félagsmaður geti gert upp hug sinn í málinu á upplýstum grunni.".

Það er skemmst frá því að segja að tillaga þessi var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæðisbærra fulltrúa á formannaráðstefnunni og hefur formanni og stjórn BSRB þegar verið gerð grein fyrir niðurstöðu ráðstefnunnar.

Um úrsögn aðildarfélags úr BSRB fer skv. 6. gr. laga BSRB.

Í samráði við, Óskar Bjartmarz, flutningsmann tillögunnar var ákveðið að settur yrði saman vinnuhópur sex (6) lögreglumanna, þriggja (3) sem yfirlýstir eru úrsögn úr BSRB og þriggja (3) sem yfirlýstir eru áframhaldandi veru LL innan BSRB, til að setja saman þá skýrslu sem minnst er á hér að ofan skv. tillögunni. Nauðsynlegt er að skýrlsan liggi fyrir og að kynning á henni hafi farið fram um allt land áður en hægt verður að fara í allsherjaratkvæðagreiðslu um mögulega úrsögn LL úr BSRB. Vonir standa til að skýrsla þessi geti legið fyrir á haustmánuðum þ.a. í framhaldi af henni væri hægt að fara í kynningarferð um landið til að kynna innihald hennar fyrir félagsmönnum LL. Um atkvæðagreiðslu um úrsögn úr BSRB og annað tengt henni er einnig fjallað um í 6. gr. laga BSRB (www.bsrb.is).



Hafi lögreglumenn sérstakan áhuga á að starfa í ofannefndum vinnuhópi geta þeir hinir sömu lýst yfir áhuga sínum með því að senda tölvupóst á netfangið ll@logreglumenn.is

Að aflokinni formannaráðstefnunni fór, skv. venju fram veiting heiðursmerkja LL, þar sem afhent voru 12 bronsmerki og 12 silfurmerki til lögreglumanna vegna félagsstarfa þeirra fyrir lögreglumenn.

Heiðursmerki LL, fyrir störf sín að félagsmálum lögreglumanna skv. tilnefningu orðunefndar LL hlutu að þessu sinni:

| Silfurmerki: | Bronsmerki: |
|---|---|
| Magnús Jónasson | Þórir Rúnar Geirsson |
| Guðmundur Ingi Rúnarsson | Guðlaugur Fr. Jónsson |
| Hrafn Ásgeirsson | Tjörvi Einarsson |
| Björn Ágúst Einarsson | Jón Gunnar Sigurgeirsson |
| Eiríkur Pétursson | Hjördís Sigurbjartsdóttir |
| Guðbrandur Guðbrandsson | Jón S. Ólason |
| Haraldur Sigurðsson | Jens Hilmarsson |
| Hörður Jóhannesson | Daði Þorkelsson |
| Kristján Ingi Kristjánsson | Hjörtur Davíðsson |
| Ólafur Ágúst Gíslason | Logi Sigurjónsson |
| Ómar Þorgils Pálmason | Sigurður Betúel Andrésson |
| Sigurbjörn Víðir Eggertsson | Gylfi Dýrmundsson |





# Öldungamót ÍSL í innanhússknattspyrnu 2016



*Lið Héraðssaksóknara með sigurlaunin.*

**Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu, Old Boys fór fram á Akureyri dagana 11-12 nóvember 2016 á Akureyri. Mótið hefur undanfarin ár verið haldið á Akureyri og í umsjá Íþróttafélags lögreglunnar á Akureyri, ÍLA.**

Að þessu sinni voru 5 lið skráð til leiks. Lið Héraðssaksóknara, Suðurnesja, LRH, Vesturlands og RLS. Ákveðið var að lengja leikina frá því sem var í fyrra og var leiktíminn færður upp í 2x10 mínútur og einungis spiluð ein umferð eða 4 leikir á lið.

Að þessu sinni var ákveðið að færa mótið úr íþróttahöll Akureyrar í íþróttahúsið í Síðuskóla. Heildarstærð íþróttahússins er minna en völlurinn engu að síður sömu stærðar. Íþróttahúsið þótti henta vel fyrir þessa stærð af móti. Að venju var boðið upp á bakkelsi og íþróttadrykki fyrir keppendur. Eitt af aðalsmerkjum þessa móts hefur verið að fá reynda dómara til starfa og var slíkt einnig fyrir hendi nú. Þrír dómarar skiptu með sér leikjum en tveir dómarar í senn dæmdu leikina.

Fyrri leikdagur þann 11 nóvember byrjaði kl 18:30 en þann dag voru tveir leikir á lið. Þar sem að ljóst var í upphafi að liðin voru frekar fámenn var ákveðið að til taks væru leikmenn frá Norðurlandi og myndu verða til hálfgerðar uppfyllingar, ef einhver keppandi myndi heltast úr lestinni.

Kári setti mótið og voru skýr skilaboð að það ætti að taka því varlega og við vildum ekki að neinn myndi meiðast.

Í eftirfarandi færslum er farið yfir hvern leik fyrir sig á léttu nótunum.

### *Leikur 1 - Héraðssaksóknari vs LRH*

Eftir 45 sekúndur lá einn eftir að hafa fengið högg aftan í bakið. Þurftu dómarar leiksins að stöðva leikinn meðan verið var að hlúa að Guðjóni Rúnari Sveinssyni. Þar sem LRH voru ekki með neina skiptimenn tafðist þetta aðeins. Meðan var verið að meta hvort að kalla þyrfti til aukamann og skipta Guðjóni útaf spurði Magnús V. Guðmundsson hvort ekki mætti fá Daða Gunnarsson, úr liði LRH í staðinn fyrir Guðjón. Magnús V minnti síðan aðeins á sig og setti fallegt mark. Stefán Örn Arnarson HSS lagði líka línurnar að sinni frammistöðu í mótinu með því að setja tvö mörk. Hörkuleikur sem að endaði með sigri HSS 3-2.

### *Leikur 2 – Vesturland vs RLS*

Vesturland báðu í upphafi leiks um stærri bekk því að þeir væru með svo marga skiptimenn. Gunni Mall húsvörður í Síðuskóla og pabbi fyrirliða íslenska landsliðsins reddaði því í snarheitum. Eftir hörkubaráttu, þar sem Vesturland komst í 2-0, jafnaði RLS á reynslunni.

Jón Már Jónsson RLS setti fallegt mark í leiknum en hann átti líka skot leiksins þar sem að hann hamraði boltann í áttina að samskeytunum. Að vísu á eigið mark, en engu að síður hörkuskot. Sveinn Ægir Árnason RLS setti 1 og Jón Gunnar Sigurgeirsson og Trausti Freyr Jónsson, sitthvort fyrir Vesturland. Eitthvað er nú sjónin farið að dala hjá Jóni Má þar sem að hann sá sig knúin eftir 2 mín að öskra/spyrja hvort að það væru ekki dómarar til staðar. Þeir voru þrír og hlutfallsleg aldrei verið fleiri á fótboltamóti hjá okkur. Lokatölur 2-2.

### *Leikur 3 – Suðurnes vs LRH*

Í þessum leik mættu Suðurnesjamenn til leiks. Þeir töluðu um að Hermann Karlsson norðanmaður hefðu verið kaup ársins en hann spilaði með Suðurnesjum á mótinu. Þórður Rafn Þórðarson hjá LRH stimplaði sig inn með langmörkum (Magnús V. sparkaði fram og Þórður skallaði) og setti 4 í leiknum. Suðurnes mættu með Kristján F. Geirsson (Krissi), fremstan í flokki. Hann setti 4 MÖRK (skrifað með stóru). Krissi mótmælti nokkuð eftir að tölur höfðu verið birtar og eitt mark sem hann taldi sig eiga var skráð sem sjálfsmark. Var það síðar staðfest sjálfsmark af dómurum. Ólafur Örvar Ólafsson Suðurnesjum setti eitt og Hermann Karlsson skoraði tvö mörk. Lokatölur 5-7.

### *Leikur 4 – RLS vs HSS*

Héraðssaksóknari skoraði fyrsta markið eftir 55 sekúndur. RLS fékk 6 dauðafæri í sömu sókninni. En Stefán Örn var í markinu og kom alltaf í veg fyrir að þeir skoruðu. Jón Már sem minnti stundum á spyril í Gettu betur á þessu móti, spurði enn og aftur. “hvernig er þetta hægt”?

Stefán Örn átti eitt af betri mörkum mótsins



*Lið LRH*



*Lið Héraðssaksóknara*



*Lið Suðurnesja*



*Lið Vesturlands*



*KFG markahæsti leikmaðurinn.*



*Lið RLS*

þegar hann tók viðstöðulaust skot frá hægri kantinum sem söng í netinu, þegar 3:50 mínútur voru liðnar af seinni hálfleik. Leiknum lauk með sigri HSS 3-2.

### *Leikur 5 - Suðurnes vs Vesturland*

Varamenn liðana hefðu getað sett saman hörkulið. Eftir 40 sekúndur voru Ólafur Örvar og Jón Arnar Sigurþórsson Vesturlandi búnir að eigast við og nokkur vel valin orð flugu. Allir þó vinir á endanum. Eitthvað lagði Helgi Pétur Ottesen liðstjóri Veturlands leikinn vitlaust upp en snemma varð ljóst að Suðurnes var mun sterkara liðið. Þótt að Vesturland hafi skorað fyrsta markið eftir rúma mínútu. Gunnar Helgi Einarsson Suðurnesjum ákvað að taka gott fagn eftir markaskorun en Ólafur Örvar bað hann “vinsamlegast” að hætta þessu því hann gæti slasast. Hermann lét stöðva leikinn þegar nokkrar mínútur voru eftir því hann þurfti að reima skóna. Sumir sögðu að þarna hefði reynslan spilað inn í og Hermann sótt sér nokkrar aukasekúndur í hvíld. Leikurinn endaði 8-2 og setti Krissi setti 5 mörk í leiknum. Biðröð var í skiptingar hjá Vesturlandi og Helgi Pétur liðstjóri spurði mótstjórnina hvort að hann væri búinn að missa klefann. Lokatölur 8-2.

## *Laugardagur 12 nóvember 2016*

### *Leikur 6 - RLS vs LRH*

Ljóst var RLS höfðu farið á leikmannamarkaðinn um nóttina. En þeir fjárfestu í reynslubolta að norðan og klæddist Gunnar Jóhannsson (Gunni Jóh) norðanmaður hinum skær appelsínugula búningi RLS. Gunni Jóh óskaði sérstaklega eftir því að það yrði bókað að þegar hann gekk til liðs við RLS í þessum leik, var staðan þegar orðin 5-1. Ekki er hægt annað að segja en að Gunni Jó hafi átt stórleik og varði hann meðal annars víti í leiknum eftir að Birgir Hilmarsson var rekinn útaf. Ef Ólafur Tryggvi Ólafsson (lánsmaður að norðan) hefði sett hann í þessu dauðafæri mótsins þá hefði það hleypt ennþá meiri spennu í leikinn. Þórður Rafn setti 5 í leiknum og setti þar með spennu í kepnni um markakóngstitilinn. Leiknum lauk með sigri LRH 5-3.

### *Leikur 7. - Suðurnes vs HSS*
### *- Án efa Leikur mótsins*

Snemma leiks leit út fyrir að Suðurnes ætluðu að klára leikinn. Suðurnes komst í 3-0 og virtust hafa þetta allt í hendi sér. Ólafur Örvar átti stoðsendingu mótsins sem að vísu fór upp í rjáfur en þá öskraði Ólafur Örvar að húsið væri of lágt, dómararnir voru snöggir til og sögðu gólfið bara vera of hátt. Það var gjörsamlega allt lagt undir. Það lið sem myndi vinna þennan leik var búið að sigra mótið. Jafntefli myndi þýða að Suðurnes væru í bílstjórasætinu þar sem að þeir skoruðu á undan.. HSS var þó ekki búið að segja sitt síðasta og ákveðnir að berjast til enda. Stefán fór úr vörninni og í sóknina og frasinn “gefið á mig” varð til. Á ótrúlegan hátt, skoruðu þeir á 7:20, 8:20 og síðan skoraði Stefán 9:00 í fyrri hálfleik. 6 mörk í ótrúlegum fyrri hálfleik. Seinni hálfleikurinn byrjaði og menn ætluðu að selja sig dýrt.

Snemma í seinni hálfleik skoraði Stefán Örn og kom HSS yfir.

Eftir eina af mörgum hörkusóknum Suðurnesja sem var brotin aftur af HSS. Ákvað títt-

Eymundsson
PIZZA ROYAL
Domino's
KOLAPORTIÐ

Þetta er engin spurning

# Viðbótarlífeyrir er nauðsyn




Tryggir þína framtíð

Allianz

Allianz Ísland hf. | Dalshrauni 3 | 220 Hafnarfirði | 595 3400 | allianz@allianz.is | allianz.is

nefndur Ólafur Örvar að athuga hvort að Þrestir gætu flogið og ýtti vel við Þresti Helgasyni leikmanni HSS og uppskar Ólafur Örvar brottvísun að launum.

Skömmu seinna gerðist það því miður að Stefán Örn meiddist og lá á vellinum, greinilega mjög þjáður, þegar aðeins 30 sekúndur voru eftir. Ljóst var að kalla þyrfti til sjúkrabifreið. Sjúkraliðið kom á staðinn og var Stefán færður á börurnar og HSS ákváðu að kaupa Kára Erlingsson, enn einn norðan manninn í lið sitt en Kári hafði hitað upp síðan Stefán meiddist.

Þegar verið var að rúlla Stefáni á börunum í átt að sjúkrabifreiðinni, þá bað hann sjúkraflutningsmennina að stöðva og leit á liðsfélaga sína “Strákar!!! Það verður í lagi með mig, ef þið tapið þessu ekki niður”

Þessar 30 sekúndur liðu og HSS hrósaði sigri. Þar með var ljóst að Suðurnes gætu bara jafnað þá, þótt hvort liðið ættu einn leik eftir. En HSS var með innbyrðissigurinn. Lokatölur 3-4.

### *Leikur 8 - Vesturland vs LRH*

Eftir þetta fór mótið í hægagang að sögn dómarana.

Nema hjá Vesturlandi sem að sýndu aðeins smá ljós með því að setja 8 á móti LRH.

En þess skal getið að í hálfleik á þessum leik var Krissa tilkynnt að mark hans í leiknum gegn LRH hefði verið dæmt sjálfsmark þannig og að Krissi væri þar með 10 mörk og 1 leik eftir en Þórður væri með 10 mörk og einn hálfleik eftir.



*Stefán Örn Arnarson fékk flest atkvæði og titilinn leikmaður mótsins.*

Þegar Krissa hafði verið tilkynnt þetta gekk Hermann að Krissa og sagði “Krissi mundu bara, þetta er liðsíþrótt” Þórður setti svo eitt úr víti og var þá kominn með 11 mörk. Leikurinn endaði með sigri Vesturlands 2-8.

### *Leikur 9 - RLS vs Suðurnes*

Það var bara eitt lið á vellinum í þessum leik. Suðurnes var mun betra liðið. RLS fékk víti í leiknum sem að Gunni Jó tók og skaut yfir. Krissi skammaði Hermann fyrir að gefa ekki boltann þannig að þetta var allt saman eðlilegt.

Gunnar Helgi fékk brottvísun í 1 mínútu en var útaf í 10 mínútur.

Krissi tryggði sér markakóngstitilinn og skoraði 7 mörk. Leiknum lauk 9-3

### *Leikur 10 - HSS vs Vesturland*

HSS og Vesturland mættust og kom breidd Vesturlands klárlega í ljós.

Þeir settu 9 mörk og Helgi Pétur liðstjóri fékk smá uppreisn æru. Jón Gunnar læddist inn bakdyramegin og tryggði sér bronsskóinn.

9-2 endaði leikurinn.

Héraðssaksóknari stóð uppi sem sigurvegari með 6 stig, jafnmörg stig og Suðurnes en Héraðssaksóknari vann innbyrðisviðureignina en á síðasta þingi ÍSL var samþykkt að það myndi ráða úrslitum ef lið yrðu jöfn en ekki markatalan.

Suðurnes fengu síðan Sveinsbikarinn fyrir flest mörk skoruð á mótinu. Alls voru skoruð 84 mörk á þessu móti.

Kristján Freyr Geirsson Suðurnesjum varð markakóngur með 17 mörk. Sem gróflega reiknað eru rúm 4 mörk í leik. Liðin völdu síðan leikmann mótsins og fékk Stefán Örn Arnarson flest atkvæði og fékk titilinn maður mótsins.

Óskar Bjartmarz formaður ÍSL þakkaði heimamönnum fyrir mótshaldið og tilkynnti að næsta öldungarmót yrði haldið í Vestmannaeyjum.

Þökkum öllum keppendum og gestum kærlega fyrir komuna.

***Haraldur Hringsson***

Póst dreifing
PRIKIÐ STOFNAÐ 1951
Marc O'Polo
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
SAMSKIP
15 ára sensa
66° NORÐUR
SJÓVÁ
SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
stapaprent Prentþjónusta Sími 421 4388 Netfang stapaprent@simnet.is
stefna hugbúnaðarhús

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Kaffi Torg
Keahótel ehf
Kjarnafæði hf
Kraftbílar ehf
Meðferðarheimilið Laugalandi
Pólarhestar ehf
Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samvirkni ehf
Sjómannablaðið Víkingur
Sjúkrahúsið á Akureyri
Straumrás hf
Timbra ehf, byggingarverktaki
Veislubakstur - Betra brauð
Vélaleiga HB ehf

### Grenivík
Sparisjóður Höfðhverfinga

### Dalvík
Klaufi ehf
Miðlarinn ehf
Steypustöðin Dalvík ehf

### Ólafsfjörður
Árni Helgason ehf, vélaverkstæði
Skiltagerð Norðurlands ehf

### Húsavík
E G Jónasson rafmagnsverkstæði
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf-www.fjallasyn.is
Framsýn, stéttarfélag
Gistiheimilið Sigtún ehf-www.gsigtun.is
Höfðavélar ehf
Steinsteypir ehf
Vélaverkstæðið Árteigi

### Bakkafjörður
Skeggjastaðakirkja

### Egilsstaðir
Austfjarðaflutningar ehf
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstadir
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Rafey ehf
Sænautasel ehf

### Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður

### Reyðarfjörður
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Fjarðaveitingar ehf
Hárstofa Sigríðar ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

### Eskifjörður
Kaffihúsið Eskifirði
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf

### Neskaupstaður
Haki ehf verkstæði
Síldarvinnslan hf

### Fáskrúðsfjörður
Kaffi Sumarlína ehf
Loðnuvinnslan hf
Vöggur ehf

### Stöðvarfjörður
Brekkan - Verslun og veitingastofa

### Höfn í Hornafirði
Ferðaþjónustan Gerði
Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf
Króm og hvítt ehf
Rósaberg ehf
Sveitafélagið Hornafjörður
Vélsmiðjan Foss ehf
Þrastarhóll ehf

### Öræfi
Ferðaþjónustan Svínafelli-www.svinafell.is

### Selfoss
Árni Ragnarsson
Baldvin og Þorvaldur ehf
Báran stéttarfélag
Bílaþjónusta Péturs ehf
Bílverk BÁ ehf, bílamálun og bílaréttingar
Bjarnabúð
Fasteignasalan Árborgir ehf
Flóahreppur
Hótel Geysir
Hótel Gullfoss
Jeppasmiðjan ehf
Lagnaþjónustan ehf
Máttur sjúkraþjálfun ehf
Nesey ehf
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf
Reykhóll ehf
Vélaverkstæði Þóris ehf
X5 ehf
Þjónustumiðstöð Hraunborgum Grímsnesi

### Hveragerði
Bílaverkstæði Jóhanns ehf
Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is
Hótel Örk
Jón Þórisson ehf
Raftaug ehf

### Þorlákshöfn
Landsbanki Íslands
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarhöfn

### Ölfus
Dýralæknaþjónusta Suðurlands
Eldhestar ehf
Garpar ehf

### Flúðir
Áhaldahúsið Steðji
Flúðasveppir ehf

### Hella
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf
Freyðing ehf
Kanslarinn veitingahús

### Hvolsvöllur
Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk
Ferðaþjónustan Hellishólum ehf
Krappi ehf, byggingaverktakar
Torf túnþökuvinnsla ehf

### Vík
Mýrdalshreppur
RafSuð ehf

### Kirkjubæjarklaustur
Icelandair Hótel Klaustur

### Vestmannaeyjar
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bílaverkstæði Sigurjóns
Hótel Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Rannsóknarþjónustan V.M.
Þekkingarsetur Vestmannaeyja


Tambi ehf
Þakpappalagnir

Sveitarfélagið
ÁRBORG




# C undanriðill evrópumóts lögreglumanna í körfuknattleik 2017

**Í þessum riðli áttu að vera 3 þjóðir, Ísland, Holland og Írland. Því miður þurftu Írar að hætta við þátttöku þar sem þeir áttu ekki í lið. Þetta þýddi að aðeins einn leik þurfti til að finna út sigurvegara riðilsins. Stjórn Íþróttasambands Lögreglumanna, ÍSL, tók að sér að halda þennan riðil á Íslandi og var ákveðið að halda keppnina í Reykjanesbæ. Leikmenn beggja liða gistu á Hótel Bed and Breakfast á Ásbrú í og fæðismál voru í höndum veitingastaðarins Rétturinn við Hafnargötu.**

Leikur Íslands og Hollands fór fram í íþróttahúsinu í Njarðvík laugardaginn 11. mars s.l.. Áður en leikurinn hófst var gengið frá leikskýrslum vegna leikja Íra en samkvæmt reglum þá var skráð tap hjá þeim 0 – 20.

Lið ÍSL var þannig skipað Friðjón Ingi Sigurjónsson, Guðmundur Hjörvar Jónsson, Guðmundur Kári Sævarsson, Hafþór Gauti Kristjánsson, Páll Fannar Helgason, Unnar Þór Bjarnason frá LRH, Jón Þór Eyþórsson og Jón Gunnar Sigurgeirsson frá Vesturlandi, Magni Hafsteinsson og Magnús Pálsson frá RLS, Friðrik Hreinsson frá Norðurlandi vestra og Hreinn Gunnar Birgisson frá Austurlandi. Jón Eyþór var einnig þjálfari liðsins og Guðmundur Hjörvar liðsstjóri. Einnig var með hópnum sem 13 maður Sigurður Gunnarsson frá LRH. Þá var Óskar Bjartmarz, Austurlandi fararstjóri.

Byrjunarlið ÍSL var eftirfarandi, Friðrik Hreinn, Guðmundur Kári, Magni, Magnús og Páll Fannar. Við unnum uppkastið og gaf það tóninn fyrir það sem á eftir kom. Staðan eftir fyrsta leikhluta var 21 – 10 okkur í vil og staðan í hálfleik var orðin 40 - 23. Byrjunarliðið í seinni hálfleik var Friðrik Hreinn, Magni, Magnús, Páll Fannar og Hreinn Gunnar. Áfram héldu okkar menn að auka muninn og staðan eftir þriðja leikhluta var 62 – 33. Í fjórða leikhluta voru nokkrir í liði ÍSL komnir í villuvandræði, en þeir Hreinn Gunnar, Magni, Guðmundur Kári og Unnar Þór fengu 4 villur hver um sig. Allir fengu að spreyta sig en það voru sömu 7 – 8 leikmennirnir sem léku nær allan leikinn. Jafnt var á með liðunum í 4 leikhluta. Lokatölur urðu 85 – 56. Þar með ljóst að lið ÍSL verður með í úrslitum Evrópumóts lögreglumanna, EPC, í Aþenu í Grikklandi í september n.k. Stigaskorun, Hreinn Gunnar 22, Magni 22, Magnús 16, Páll Fannar 12, Friðrik Hreinn 10, Hafþór Gauti 2 og Guðmundur Kári 1.

Dómarar voru þeir Jón Guðmundsson, Sigmundur Már Herbertsson og Rögnvaldur Hreiðarsson allt dómarar sem dæma í úrvalsdeildinni í körfuknattleik. Þeir stóðu sig vel og einn þeirra sagði aðspurður að hraðinn í leiknum hefði verið svipaður og í leikjum í neðri hluta 1 deildar. Jóhannes Kristbjörnsson gamla körfuknattleikskempan og fyrrum lögreglumaður sá um tímavörslu og skráningar ásamt fjölskyldu sinni. Hafi hann þakkir fyrir.

Eftirlitsmaður á vegum Evrópska lögregluíþróttasambandsins, USPE, var Massimo Re frá Ítalíu en hann situr í tækninefnd USPE.




*Efri röð frá vinstri: Friðjón I, Unnar Þ., Guðmundur H., Magni, Hafþór G., Jón Þ., Hreinn G.*
*Neðri röð frá vinstri: Guðmundur K., Páll F., Magnús, Jón G., Sigurður G. og Friðrik H.*

Þegar allt var yfirstaðið var ekki annað að heyra á honum en að okkur hefði tekist ágætlega til með alla framkvæmd og umgjörð.




Hann fór allavega ánægður af landi brott og beint til Ungverjalands þar sem A riðill átti að fara fram í beinu framhaldi. Í þeim riðli eru Ungverjaland, Monaco og Frakkland. B riðillinn á síðan að fara fram í maí í Luxemborg en í þeim riðli eru heimamenn ásamt Bretum og Ítölum.

Í riðlunum 3 er keppt um 5 sæti í úrslitum í Grikklandi í haust, þ.e. sigurvegarar riðlanna ásamt tveimur af liðunum í öðru sæti í riðlunum 3. Það er ljóst að Hollendingar eiga litla möguleika á að ná öðru þessara sæta þar sem þeir eru með -9 stig eftir leikinn við okkur og úrskurðaðan sigur 20 – 0 gegn Írum.

*Óskar Bjartmarz formaður ÍSL*



# Landsmót í skotfimi 2016

**Fór fram í Borgarnesi 25. – 26. nóvember s.l. nánar tiltekið í skotaðstöðu Skotfélags Vesturlands í Brákarey. Keppt var í loftbyssu þar sem keppendur voru 9, í Glockbyssu þar sem keppendur voru 11 og Opnum flokki þar sem keppendur voru 10. Samtals voru keppendur 14 og 6 af þeim tóku þátt í öllum greinum, 4 í tveimur greinum og 4 í einni grein. Þá tóku 3 konur þátt í mótinu. Umsjón var í höndum skotnefndar ÍSL en hana mynda Jóns S. Ólasonar og Ómars Jónssonar, þeir voru einnig mótsstjórar.**

## Úrslit urðu eftirfarandi

***Loftbyssa:***

| | |
|---|---|
| 1. Ólafur Egilsson | RLS 352 stig |
| 2. Þórir Ingvarsson | LRH 348 stig |
| 3. Kristína Sigurðardóttir | LSS 337 stig |
| 4. Jón Arnar Sigurþórsson | LVL 336 stig |
| 5. Ómar Jónsson | LVL 331 stig |
| 6. Gísli Þorsteinsson | LRH 330 stig |
| 7. Jón S. Ólason | LVL 327 stig |
| 8. Arnar Geir Magnússon | LVL 309 stig |
| 9. Laufey Gísladóttir | LVL 290 stig |

***Sveitakeppni***

**Sveit RLS/LRH**

| | |
|---|---|
| Ólafur Egilsson | 352 stig |
| Þórir Ingvarsson | 348 stig |
| Gísli Þorsteinsson | 330 stig |
| Samtals | 1030 stig |



*Lið ÍSL ásamt Ólafi Helga Kjartanssyni lögreglustjóra á Suðurnesjum.*

**Sveit LVL**

| | |
|---|---|
| Jón Arnar Sigurþórsson | 336 stig |
| Jón S. Ólason | 327 stig |
| Arnar Geir Magnússon | 309 stig |
| Samtals | 962 stig |

**Sveit LSS/LVL**

| | |
|---|---|
| Kristína Sigurðardóttir | 337 stig |
| Ómar Jónsson | 331 stig |
| Laufey Gísladóttir | 290 stig |
| Samtals | 958 stig |

***Glockbyssa:***

| | |
|---|---|
| 1. Samúel A. W. Ólafsson | RLS 236 stig |
| 2. Kristína Sigurðardóttir | LSS 229 stig |
| 3. Jóhanna K. Skjönhaug* | LSS 219 stig |
| 4. Jón S. Ólason | LVL 219 stig |
| 5. Ómar Jónsson | LVL 218 stig |
| 6. Stefán Fróðason | LRH 189 stig |
| 7. Arnar Geir Magnússon | LVL 180 stig |
| 8. Guðmundur Viðar Berg | LRH 169 stig |
| 9. Þórir Ingvarsson | LRH 166 stig |
| 10. Jón Arnar Sigurþórsson | LVL 165 stig |
| 11. Laufey Gísladóttir | LVL 149 stig |

* Jóhanna náði 3ja sæti með fleiri x um.

***Sveitakeppni***

**Sveit RLS/LSS**

| | |
|---|---|
| Samúel A. W. Ólafsson | 236 stig |
| Kristína Sigurðardóttir | 229 stig |
| Jóhanna K. Skjönhaug | 219 stig |
| Samtals | 684 stig |



*Mótshaldarar, Jón S. og Ómar ásamt Óskari*

**Sveit LVL**

| | |
|---|---|
| Jón S. Ólason | 219 stig |
| Arnar Geir Magnússon | 180 stig |
| Jón Arnar Sigurþórsson | 165 stig |
| Samtals | 564 stig |

**Sveit LRH**

| | |
|---|---|
| Stefán Fróðason | 189 stig |
| Guðmundur Viðar Berg | 169 stig |
| Þórir Ingvarsson | 166 stig |
| Samtals | 524 stig |

**Opin flokkur:**

| | |
|---|---|
| 1. Eiríkur Ó. Jónsson | RLS 535 stig |
| 2. Ólafur Egilsson | RLS 512 stig |
| 3. Kristína Sigurðardóttir | LSS 504 stig |
| 4. Gísli Þorsteinsson | LRH 495 stig |
| 5. Arnar Geir Magnússon | LVL 477 stig |
| 6. Ómar Jónsson | LVL 475 stig |
| 7. Þórir Ingvarsson | LRH 466 stig |
| 8. Stefán Fróðason | LRH 427 stig |
| 9. Jón S. Ólason | LVL 417 stig |
| 10. Jón Arnar Sigurþórsson | LVL 384 stig |



*Verðlaunahafar í Glockbyssu*



*Sveit LRH í Glockbyssu*



*Sveit LVL Jón S. og Jón Arnar á myndina vantar Arnar Geir.*



*Verðlaunahafar í Loftbyssu, Kristína og Þórir. Á myndina vantar Ólaf E.*

***Sveitakeppni***

**Sveit RLS/LSS**

| | |
|---|---|
| Eiríkur Ó. Jónsson | 352 stig |
| Ólafur Egilsson | 348 stig |
| Kristína Sigurðardóttir | 330 stig |
| Samtals | 1551 stig |

**Sveit LRH**

| | |
|---|---|
| Gísli Þorsteinsson | 495 stig |
| Þórir Ingvarsson | 466 stig |
| Stefán Fróðason | 427 stig |
| Samtals | 1388 stig |

**Sveit LVL**

| | |
|---|---|
| Arnar Geir Magnússon | 447 stig |
| Jón S. Ólason | 417 stig |
| Jón Arnar Sigurþórsson | 384 stig |
| Samtals | 1278 stig |

***Óskar Bjartmarz***







## Mótalisti: 2017

| | Umsjón/mótsstaður | Dags. |
|---|---|---|
| **Landsmót:** | | |
| **Golf – holukeppni** | **Golfnefnd ÍSL** | **Júlí – September** |
| **Golf – landsmót** | **Suðurnes** | **Júlí – Ágúst** |
| **Öldungamót í innanhússknattspyrnu** | **Vestmannaeyjar** | **15. – 16. september** |
| **Innanhússknattspyrna** | **Suðurnes** | **Október** |
| **Lögguhreysti/CF Throwdown** | **Reykjavík** | **Október** |
| **Skotfimi** | **Skotnefnd ÍSL** | **2018** |
| **Norðurlandamót:** | | |
| **Handknattleikur** | **Danmörk/Árósar** | **02. – 05. júní** |
| **Golf** | **Ísland/Hólmsvöllur í Leiru** | **24. - 27 ágúst** |
| **Evrópumót:** | | |
| **Skíði** | **Austurríki/Windischgarsten** | **06 – 11. mars** |
| **Blak/karla** | **Búlgaría/Varna** | **24. – 31. maí** |
| **Tennis** | **Ungverjaland/Budapest** | **23. – 30. júní** |
| **Skotfimi** | **Rússland/Kazan** | **17. – 22. júlí** |
| **Sund** | **Þýskaland/Hannover** | **28. ágúst – 1. sept.** |
| **Körfuknattleikur/karla** | **Grikkland/Aþena** | **23. – 30. september** |

Tapas barinn
TOYOTA
VÖRN ÖRYGGISKERFI
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN




# A-DEILD LSR
## eftir 1. júní 2017
Nánari upplýsingar á www.lsr.is

**Kynningarfundir um breytingar á A-deild LSR**
**Allir fundirnir hefjast kl 16:30**

---

**Reykjavík** Hilton Reykjavík Nordica **10. maí** og **23. maí**
*Fundunum verður streymt á heimasíðu LSR*

**Akureyri** Hótel KEA **11. maí**

**Ísafjörður** Hótel Ísafjörður **15. maí**

**Egilsstaðir** Hótel Hérað **22. maí**

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is